

SAMÞYKKT

um afgreiðslu byggingarfulltrúa uppsveita Árnassýslu á erindum án staðfestingar byggingarnefnda.

1. gr.

Byggingarfulltrúi uppsveita Árnassýslu afgreiðir án staðfestingar byggingarnefnda, mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum, svo sem minniháttar breytingar og endurbætur, t.d. sólpallar og pottar, en ekki nýbyggingar, úthlutun lóða, gerð byggingarskilmála og tillögur um nöfn gatna og bæja. Telji byggingarfulltrúi vafa leika á því skal hann tafarlaust hlutast til um að umsókn sé lögð fyrir byggingarnefnd til úrlausnar.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa samkvæmt þessari grein skulu hljóta staðfestingar hlutaðeigandi sveitarstjórna í uppsveitum Árnassýslu með sama hætti og samþykktir byggingarnefnda.

2. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur gefið út byggingarleyfi ef framkvæmdin uppfyllir öll ákvæði laga og reglugerða sem við geta átt, að tveimur skilyrðum uppfylltum:

1. Að byggingastjóri og iðnmeistarar hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð, sbr. 44. gr., 51. gr., og 52. gr. byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.
2. Tilskilin gjöld vegna byggingaframkvæmdanna hafi verið greidd.

3. gr.

Mál sem byggingarfulltrúi afgreiðir samkvæmt samþykkt þessari skulu lögð fram til kynningar á næsta fundi í byggingarnefnd og bókuð í gerðabók nefndarinnar en ekki tekin þar til annarrar afgreiðslu. Í gerðabókinni skal koma fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt, og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá byggingarfulltrúa.

Synji byggingarfulltrúi erindi skal hann gera hlutaðeigandi grein fyrir því með skriflegum rökstuðningi. Í slíkum tilfellum skulu líða a.m.k. 14 dagar þar til hann leggur málið fram í byggingarnefnd.

4. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa eða hann synji afgreiðslu erindis, er hlutaðeigandi heimilt að skjóta máli sínu til byggingarnefndar innan 14 daga frá því honum er kunnugt um afgreiðslu byggingarfulltrúa, og fer um meðferð kærumála skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Enn fremur er hægt að skjóta málinu til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

6. gr.

Ofangreind samþykkt sveitastjórna uppsveita Árnassýslu staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 117/1999, um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytinu, 14. maí 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurður Á. Þráinsson.